

From: Auður Önnu Magnúsdóttir
Sent: Mon, 6 Oct 2025 11:19:30 +0000
To: Tatjana; Sara Stef Hildar
Subject: Kvinnaverkfall 50 ára

Kæru sveitafélög á Íslandi,

Þann 24. október 2025 verða 50 ár liðin frá sögulegum Kvannafrídegi þar sem 90% íslenskra kvenna lögðu niður störf sín, launuð og ólaunuð til að mótmæla kynbundnum launamun og ólaunaðri vinnu kvenna. Að þessu tilefni hafa á sjötta tug samtaka kvenna, femínista, hinsegin fólks og fatlaðs fólks lýst árið 2025 Kvannaár. Kröfurgerð var send á stjórnvöld þann 24. október í fyrra og má lesa kröfurnar á síðunni Kvannaar.is.

Á Kvannaári hafa ótal margir aðilar og aðstandendur staðið fyrir viðburðum, gjörningum, herferðum og öðrum húllumhæi til að minna á að jafnrétti hefur ekki verið náð í svokallaðri jafnréttisparadís. Á næstu vikum verður mikið um dýrðir og margt að gerast um allt land en hægt er að fylgjast með á vefsíðu Kvannaárs hvaða viðburðir/atburðir eru á döfinni. Rétt er að benda á skemmtilegt verkefni bókasafna um allt land sem vilja efla læsi á stöðu og baráttu kvenna í aðdragandanum að 24. október, en nánar er hægt að lesa um verkefnið á síðu þess <https://borgarbokasafn.is/laesi-stodu-og-barattu-kvenna>

Okkur langar til að hvetja ykkur hjá sveitafélaginu til að leggja ykkar af mörkum til að minnast 50 ára afmælis kvannafrídagsins og styðja við þá viðburði sem eru í gangi að þessu tilefni í ykkar sveitafélagi sem og að gera konum og kvárum sem starfa hjá sveitafélaginu kleift að taka þátt í Kvinnaverkfalli þann 24. október 2025.

f.h. framkvæmdastjórnar Kvannaárs 2025

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands

Auður Önnu Magnúsdóttir

Framkvæmdastýra/General manager

Kvenréttindafélag Íslands/Icelandic Women's Rights Association

Túngötu 14, 101 Reykjavík

Tel: +354 5518156

www.kvenrettindafelag.is

